

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

Reykjavík 20. nóvember 2003

TILVÍSUN

2003100589  
G-ums 08/03**Umsögn um 11. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.**

Með bréfi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 29. október 2003, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um framangreint lagafrumvarp og fer hún hér á eftir.


Í frumvarpinu er lagt til að virðisaukaskattur af sölu hljóðbóka verði 14% í stað 24,5%. Hljóðbók er í frumvarpinu skilgreind; lesið efni sem gefið er út á miðli sem nýtist til hlustunar.

Þegar virðisaukaskattur var tekinn upp í ársbyrjun 1990 voru undanþegnar virðisaukaskatti bækur á íslenskri tungu jafnt frumsamdar sem þýddar. Meginforsenda þeirrar undanþágu var að stuðla að verndun íslenskrar tungu. Með lagabreytingu á árinu 1992 var undanþága þessi felld brott, en sala bóka á íslenskri tungu þess í stað felld undir 14% virðisaukaskatt. Með lagabreytingu á árinu 2002 var sú breyting gerð að 14% virðisaukaskattur skyldi ekki aðeins taka til bóka á íslenskri tungu heldur einnig til bóka á öðrum tungumálum. Var sú breyting gerð í kjölfar álits EFTA-dómstólsins þess efnis að mismunun á grundvelli tungumáls og þjóðernis samrýmdist ekki EES-samningnum.


Framangreind frávik frá þeirri meginreglu að vörusala beri 24,5% virðisaukaskatt lúta pólitískum sjónarmiðum en ekki skatttæknilegum. Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi var áhersla lögð á að hafa skatthlutfallið aðeins eitt og að takmarka undanþágur svo sem kostur væri. Byggðist það viðhorf á þeim sjónarmiðum að undanþágur og mismunandi skatthlutföll væru ekki í samræmi við þá grundvallarhugmynd sem að baki virðisaukaskatti byggi. Auk þess sem slík mismunun milli tegunda vöru og þjónustu torveldaði einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Þessi sjónarmið koma m.a. fram í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Á skatttæknilegum forsendum tekur ríkisskattstjóri undir þau sjónarmið. Segja má að frumvarp það sem hér er til umsagnar endurspeglar framangreind sjónarmið, en eins og fram kemur í greinargerð sjá flutningsmenn ekki rök fyrir því að skattleggja hljóðbækur öðruvísi en aðrar bækur. Ríkisskattstjóri telur ljóst að slík rök, ef einhver eru, byggjast ekki á skatttæknilegum forsendum. Hitt telur ríkisskattstjóri jafn ljóst, að verði frumvarpið samþykkt þá muni hljóma þær raddir í þjóðfélaginu, að ekki sjáist rök fyrir því að skattleggja sungið eða leikið efni á miðli til hlustunar, öðruvísi en lesið efni á sams konar miðli. Hér á því við sem endranær um skattareglur að frávik frá hinu almenna eru fremur til þess fallin að torvelda en einfalda skattframkvæmd og frá þeim sjónarmiðum æskilegt að frávik séu fá og þröng.

Í frumvarpinu er lagt til að breytingin öðlist þegar gildi. Ríkisskattstjóri sér ástæðu til að benda á að það getur valdið bæði seljendum hlóðbóka og skattyfirvöldum vandkvæðum taki umrædd breyting gildi innan almenns uppgjörstímabils virðisaukaskatts. Æskilegra er að breytingar af þessum toga taki gildi á tímamörkum almennra uppgjörstímabila skattsins, þ.e. 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september eða 1. desember.

Virðingarfyllt



Indriði H Þorláksson,  
ríkisskattstjóri



Sigurjón Högnason